

Skrifborð, fundarborð og hirslur

Upplýsingar um ábyrgðir

10

BEKANT, IDÅSEN, GALANT, THYGE,
RODULF, TOMMARYD, TROTTEN
og HÄLLAN



Miklar kröfur eru gerðar til skrifstofuhúsgagna, bæði í daglegu lífi heima fyrir og í vinnunni. BEKANT línin, IDÅSEN línin, GALANT hirslurnar, THYGE og RODULF skrifborðin, TROTTEEN línin, TOMMARYD borðin og HÄLLAN skáparnir hafa verið prófuð samkvæmt ströngustu kröfum varðandi gæði og endingu sem gerðar eru til skrifstofuhúsgagna samkvæmt eftirfarandi stöðlum: EN 527-2, EN527-3, EN1730 og ANSI/BIFMA X:5.5 fyrir skrifborð, EN1730 og EN15372 fyrir fundarborð, EN14072, EN14073, EN14074, EN14749 og ANSI/BIFMA x5.9 fyrir hirslur. Þess vegna getum við boðið upp á 10 ára ábyrgð á göllum í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BEKANT línunnar, IDÅSEN línunnar, GALANT hirslanna, THYGE og RODULF skrifborðanna, TROTTEEN línunnar, TOMMARYD borðanna og HÄLLAN skápanna. Ábyrgðir gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

Vörurnar sem taldar eru upp í þessum bæklingi eru með 10 ára ábyrgð.

Hve lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á BEKANT línunni, IDÅSEN línunni, GALANT hirslunum, THYGE og RODULF skrifborðunum, TOMMARYD borðunum, TROTTEEN línunni og HÁLLAN skápunum gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Framvísa þarf upphaflegri kvittun sem staðfestingu á kaupum.

Hvaða fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BEKANT línunnar, IDÅSEN línunnar, GALANT hirslunnanna, THYGE og RODULF skrifborðanna, TOMMARYD borðanna, TROTTEEN línunnar og HÁLLAN skápanna frá kaupdegi.

Hvað vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki fyrir:

- BEKANT skilrúm
- ROTHULT snjallás
- ELLOVEN minnistöflur

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfalli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljótist af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin er ekki í gildi fyrir BEKANT einingar, IDÅSEN einingar, GALANT hirslur, THYGE og RODULF skrifborð, TOMMARYD borð, TROTTEEN einingar eða HÁLLAN skápa sem hafa verið geymd, sett saman, sett upp eða notuð á rangan hátt. Einnig ef þau hafa verið meðhöndluð illa eða á rangan hátt, verið breytt eða þrífín með röngum efnum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra, verið óvarin fyrir sólarljósi til lengri tíma eða verið í tærandi umhverfi, til dæmis á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Umhirðuleiðbeiningar

Hertu skrófur eftir tvær vikur og fylgst síðan með þeim reglulega, um tvisvar á ári.

Yfirborðsfletir: Þrífðu með klút vættum með vatni eða mildri sápu. Þurrkaðu með þurrum klút.

Almenn réttindi

Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægð/ur, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á IKEA.is eða hringdu í 520 2500.

